



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 127/1685

komudagur 8.4.2002

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Afnám sjómannaafsláttar. 156. mál.

4.apríl 2002

FFSÍ ítrekar enn og aftur algjöra andstöðu við frumvarpið. Þrautsegja flutningsmanna varðandi þann ásetning þeirra um að skerða kjör sjómanna er í þó sjálfu sér aðdáunarverð, en að sama skapi óskiljanleg. Það afbrigðilega þekkingarleysi flutningsmanna, sem fram kemur, á sjómennsku og kjaraumhverfi sjómanna, er skelfilegt þegar í hlut eiga þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi. Sú staðreynd er flestum ljós að sjómenn eiga mjög langt í land til að eiga möguleika á að njóta ýmissa samfélagsþátta sem sjálfsgæðir þykja og staðið er undir með skattlagningu á launþega og fyrirtæki.

Nú sem endranær er undirritaður reiðubúinn til að beita sér fyrir því að útvega flutningsmönnum frumvarpsins togarapláss (t.d.á bilinu nóv-febr.) í von um að þeim auðnist að afla sér lágmarksþekkingar á starfsumhverfi sjómannastéttarinnar.

Virðingarfyllst,
F.h. Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason, forseti FFSÍ